

LANDPÓSTURINN

3. tbl. 6. árg. mars 1994 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Emil Bóasson

AÐALFUNDUR 1994

Aðalfundur Félags landfræðinga árið 1994 verður haldinn miðvikudaginn 23. mars í stofu 201 í LÖGBERGI – Háskóla Íslands. Fundurinn hefst kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 5. grein félagslaga.

Að loknum aðalfundarstörfum verður fjallað um ráðstefnu Félags landfræðinga *Landafræði í breyttum heimi – landfræðikennsla*. Guðbjörg Gunnarsdóttir mun draga saman helstu niðurstöður ráðstefnunnar.

Skrif erlendra ferðakvenna um Ísland á 19. öld. Guðrún Ólafsdóttir segir frá rannsóknum sínum á efninu.

Ráðstefna og árshátíð 1994

Félagið hélt ráðstefnu og árshátíð á Hótel Lind við Rauðarárstíg í Reykjavík laugardaginn 26. febrúar s.l. Bæði ráðstefna og og árshátíð þóttu takast vel að mati þeirra sem mættu. Ráðstefnan fjallaði um *Landafræði í breyttum heimi – landfræðikennslu*. Haldin voru 10 fróðleg og skemmtileg erindi auk pallborðsumræðna.

Fyrirlesarar og ráðstefnugestir voru sammála um að landafræðinni væri ekki gert nægilega hátt undir höfði í íslenska skólakerfinu, hvorki á grunnskóla- né framhaldsskólastigi. Jafnframt kom fram að almenn landfræðipækking skólabarna á Íslandi er minni en víðast í nálægum löndum. Í lok ráðstefnunnar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Ráðstefna Félags landfræðinga **LANDAFRÆÐI Í BREYTTUM HEIMI –landfræðikennsla–** haldin 26. febrúar 1994 beinir þeim eindregnu tilmælum til yfirvalda menntamála á Íslandi að við endurskoðun á námsgögnum fyrir framhaldsskóla verði lögð mun ríkari áhersla á kennslu í landafræði en verið hefur og að landafræði verði færð í kjarna í námsefni framhaldsskóla.

Í niðurstöðum nýlegrar samanburðarrannsóknar InterGeo 2 á þekkingu Íslendinga og annarra þjóða á landafræði kemur í ljós að þekking Íslendinga er talsvert undir meðaltali 25 þjóða. Íslendingar eru í 17 sæti. Þetta veldur miklum áhyggjum og bendir til þess að þekking Íslendinga á síbreytilegum heimi sé í hættu.

Í heimi þar sem viðskipti þjóða aukast árlega og samskipti eru sívaxandi er þekking á högum og háttum annarra þjóða mikilvæg. Vegna þessa verður að auka og bæta þekkingu Íslendinga á landafræði bæði í grunn- og framhaldsskólum. Til að ná þessum markmiðum þarf að auka kennslu í landafræði í grunnskólum og gera hana að skyldunámsgrein á framhaldsskólastigi.“

Stjórn félagsins var falið að senda menntamálaráðherra og fjölmiðlum þessa áskorun og fylgja málinu eftir að öðru leyti.

Fylgirit með fréttabréfi

Með *Landpóstinum* fylgir langbráð **LANDABRÉF** en í því eru birt erindi sem flutt voru á fyrstu ráðstefnu félagsins sem haldin var í febrúar 1993. Einnig fylgir *Alþjóðleg stefnuskrá um landfræðimenntun* sem félagið hefur látið þýða á íslensku.

Styrktarfélagar

Stjórnin hefur ákveðið að bjóða stofnunum, fyrirtækjum og skólum að gerast styrktaraðilar að félaginu og verða þannig áskrifendur að því efni sem félagið gefur út. Styrktaraðilar eru hvorki kjörgengir né með atkvæðisrétt á fundum félagsins en verða krafðir um 2.000 króna árgjald.

Árgjald

Stjórnin skorar á alla féлага sem enn hafa ekki greitt árgjaldið að gera það nú þegar. Kæmi það sér reyndar vel fyrir félagið þar sem öll sú útgáfa sem félagið hefur staðið fyrir kostar all nokkuð. Bent skal á að einungis um helmingur félagsmanna hefur greitt árgjöld síðustu ára og munu þeir sem ekki greiða félagsgjaldið fyrir 31. maí 1994 verða máðir af félagaskrá. Stjórn félagsins lýtur á þessa tilkynningu sem „bréflega“ samkvæmt 4. grein félagslaga. Einnig er bent á að samkvæmt 4. grein telst aðeins sá fullgildur félagi sem greitt hefur árgjald fyrir aðalfund ár hvert.

Endurmenntunarnámskeið kennara

Við minnum á endurmenntunarnámskeið landfræðikennara sem haldið verður í Hjórring á Norður Jótlandi í Danmörku 1. - 6. ágúst 1994. Nánari upplýsingar veitir Árni Stefánsson í Kennaraháskóla Íslands

Félagaskrá

Stjórn félagsins hefur ákveðið að birta skrá um féлага með nöfnum og heimilisföngum. Þess má geta að um tveir þriðju þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í landafræði eru nú skráðir í félagið, en gaman væri ef allir landfræðingar sameinuðust um að efla félagið. Þeir sem hafa einhverjar breytingar eða athugasemdir við félagaskrána eru beðnir að koma þeim sem fyrst í pósthólf félagsins eða til Önnu Dóru Sæþórsdóttur í síma 91-644161.

Anna Dóra Sæþórsdóttir	Holtagerði 54	200 Kópavogi
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Hafnarstræti 1	400 Ísafurði
Arna Björk Þorsteinsdóttir	Nýlendugötu 17	101 Reykjavík
Auður Pálsdóttir	Kirkjuteigi 29	105 Reykjavík
Ágúst Gunnar Gylfason	Birkimel 8 B	101 REYKJAVÍK
Árni G. Stefánsson	Brautarlandi 15	108 Reykjavík
Árni Jón Eliásson	Skaftárvöllum 17	880 Kirkjubæjarklaustri
Árni K. Bjarnason	Melasiðu 10 j	603 Akureyri
Árni Þór Vésteinnsson	Meistaravöllum 31	107 Reykjavík
Árný S. Sveinsdóttir	Víðilundi 6 B	600 Akureyri
Ása Hreggviðsdóttir	Skerjabraut 9 2h til v	170 Seltjarnarnesi
Ásdís Hlökk Theódórsdóttir	Vitastíg 7	101 Reykjavík
Ásgeir Jónsson	Skólavörðustíg 18	101 Reykjavík
Áslaug Gísladóttir	Vallarási 3	110 Reykjavík
Áslaug Jónsdóttir	Melabraut 13	170 Seltjarnarnesi
Ásta M. Urbancic	Hringbraut 54	107 Reykjavík
Ástriður J. Gunnsteinsdóttir	Steinholti 1	690 Vopnafirði
Bernhard S. Haraldsson	Spónsgerði 4	600 Akureyri
Bjarni Reynarsson	Ásvallagötu 75	101 Reykjavík
Björg Þórarinsdóttir	Ljósvallagötu 8	107 Reykjavík
Björn Árnason	Bakkavör 14	170 Seltjarnarnesi
Bryndís G. Róbertsdóttir	Rauðagerði 22	108 Reykjavík
Bryndís H. Bjartmarsdóttir	Óðinsgötu 30	101 Reykjavík
Brynjólfur Sveinsson	Böggvisbraut 17	620 DALVÍK
Einar Bogi Sigurðsson	Búðareyri 3	730 Reyðarfirði
Elín Erlingsdóttir	Seljavegi 7	800 Selfossi
Emil Bóasson	Háaleitisbraut 47	108 Reykjavík
Eydís Aðalbjörnsdóttir	Eggertsgötu 6	101 Reykjavík
Eyjólfur Guðmundsson	Hæðargarði 5	781 Höfn
Geir Árnason	Grundartanga 6	270 Mosfellsbæ
Guðbjörg Gunnarsdóttir	Byggðarenda 18	108 Reykjavík
Guðbjörg H. Kristinsdóttir	Ránargötu 30	600 Akureyri
Guðlaugur R. Guðmundsson	Þinghólsbraut 69	200 Kópavogur
Guðmundur G. Kristjánsson	Magistratvägen 5A S-222-43	LUND SVERIGE
Guðmundur Guðjónsson	Skólagerði 21	200 Kópavogi

Guðmundur Magnússon	Látraströnd 18	170	Reykjavík
Guðmundur Ó. Ingvarsson	Miklubraut 48	105	Reykjavík
Guðmundur Sigvaldason	Austursíða 6 C	603	Akureyri
Guðríður Þorvarðardóttir	Staðarhvammi 1	220	Hafnarfirði
Guðrún Einarisdóttir	Rauðagerði 31	108	Reykjavík
Guðrún Gísladóttir	Svarthömrum 16	112	Reykjavík
Guðrún Halla Gunnarsdóttir	Lynghaga 11	107	Reykjavík
Guðrún Ólafsdóttir	Ásvallagötu 13	101	Reykjavík
Guðrún Þórunn Gísladóttir	Gilsbakka v/Vatnsenda	110	Reykjavík
Gunnar Ásgeirsson	Eyktarási 12	110	Reykjavík
Gunnar H. Ingimundarsson	Safamýri 34	110	Reykjavík
Gunnfríður Hermannsdóttir	Unnur Jónsdóttir		
	Sjafnargötu 7	101	Reykjavík
Gunnhildur Skaftadóttir	Látraströnd 18	170	Seltjarnarnesi
Gylfi Már Guðbergsson	Hávallagötu 29	101	Reykjavík
Hafsteinn Óskarsson	Keflavíkurgötu 2	350	Hellissandi
Halldór Eiríksson	Aflagranda 23	107	Reykjavík
Halldóra Þórarinsdóttir	Dalhúsum 53	112	Reykjavík
Hans Hjálmar Hansen	Suðurhvammi 5	220	Hafnarfirði
Haraldur Sigurðsson	Bólstaðarhlíð 54	105	Reykjavík
Helga Jónsdóttir	Tómasarhaga 38	107	Reykjavík
Hjalti Jóhann Guðmundsson	Keitufelli 37	111	Reykjavík
Hjalti Jóhannesson	Norðurgötu 13	600	Akureyri
Hlynur Þór Hinriksson	Kríuhólum 2	111	Reykjavík
Hrafnhildur Loftsdóttir	Heiðmörk 6A	810	Hveragerði
Hörður Gíslason	Grundarási 12	110	Reykjavík
Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir	Bröttubrekku 1	200	Kópavogi
Ingi Gunnar Jóhannsson	Tjarnargötu 10	101	Reykjavík
Ingibjörg Guðlaugsdóttir	Bræðraborgarstíg 23	101	Reykjavík
Ingibjörg Jónsdóttir	Ártúnsbrekku við		
	Suðurlandsbraut	110	Reykjavík
Ingvi Þór Þorkelsson	Lindahvammi 3	200	Kópavogi
Jakob Þorsteinsson	Akurgerði 22	108	Reykjavík
Jean Pierre Biard	28 rue Pierre Geofroix	92700	Colombes France
Jón Gauti Jónsson	Lækjargötu 14	600	Akureyri
Jón Júlíus Elíasson	Bólstaðarhlíð 6	105	Reykjavík
Jónas Helgason	Kringlumýri 33	600	Akureyri
Karl Benediktsson	Baldursgötu 3	101	Reykjavík
Katrín Guðbjartsdóttir	Traðarbergi 21	220	Hafnarfirði
Konráð Erlendsson	Hólavegi 5	650	Laugar
Kristinn A. Guðjónsson	Appt. 184, 3349 Missisauga Rd.		
	Missisauga, Ont. L5L 1J7 Canada		
Kristinn Einarsson	Laugalæk 3	105	Reykjavík
Kristinn Garðarsson	Engihjalla 25, 4c	200	Kópavogi
Kristján M. Baldursson	Flókagötu 61	105	Reykjavík
Kristófer Oliverson	Grundartúni 5	300	Akranesi
Lýður Björnsson	Safamýri 31	108	Reykjavík

Magnús Bjarni Baldursson	Arnargötu 4	107	Reykjavík
Magnús Guðmundsson	Frostafold 36	112	Reykjavík
María A. Sigmundsdóttir	Ingólfsstræti 4	101	Reykjavík
Matthildur K. Elmarsdóttir	Vesturbergi 54, 4h	111	Reykjavík
Oddný Þóra Óladóttir	Kaplaskjólsvægi 27	107	Reykjavík
Ólafur B. Thoroddsen	KRISTNESI 11	601	Akureyri
Ólafur H. Óskarsson	Logalandi 16	108	Reykjavík
Ólafur Haukur Jónsson	Borgarholtsbraut 58	200	Kópavogi
Óskar H. Ólafsson	Garður	840	Laugarvatni
Óskar Þór Halldórsson	Tjamarlundi 17 e	600	Akureyri
Rannveig Ólafsdóttir	Næfurási 17	110	Reykjavík
Salvör Gunnarssdóttir	SUDURVANGI 23B	220	Hafnarfirði
Salvör Jónsdóttir	2705 Univ. Ave. Appt. 14 Madison, WI 53705, USA		
Sigfús Jónsson	Granaskjól 8	107	Reykjavík
Sigmar Metúsalemsson	Laufásvegi 1A	101	Reykjavík
Sigríður G. Hauksdóttir	Bogahlíð 12	105	Reykjavík
Sigríður Haraldsdóttir	Arnargötu 4	107	Reykjavík
Sigrún Sigurðardóttir	Fornhólum	601	Akureyri
Sigurður Sigursveinsson	Hlaðvöllum 10	800	Selfossi
Sigurgeir Skúlason	Frostafold 28	112	Reykjavík
Surenka Signý Datye	Suðurbyggð 1	600	AKUREYRI
Svandís B. Vestmann	Bergsligata 13	7000	Trondheim Norge
Svanur Pálsson	Háukinn 2	200	Hafnarfirði
Sverrir Magnússon	Skógum A-Eyjafjöllum	861	Hvolsvelli
Theódór Theódórsson	Esjugrund 35	270	Mosfellsbæ
Torfi Karl Antonsson	Hraunbrún 45	220	Hafnarfirði
Tryggvi Kr. Jakobsson	Víðimel 37	107	Reykjavík
Úlfur Björnsson	Þórsmörk 9	810	Ilvergerði
Valgerður Erlingsdóttir	Úthlíð 11	105	Reykjavík
Völundur Jónsson	Hamraborg 26, 7	200	KÓPAVOGI
Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir	Grasarima 16	112	Reykjavík
Þorbjörg Práinsdóttir	Melasiðu 6C	600	Akureyri
Þorvaldur Bragason	Sæbólsbraut 39	200	Kópavogi
Þóra M. Þórarinsdóttir	Skeggjastöðum	685	Bakkafirði
Þórarinn Jóhannsson	Kirkjuteigi 29	105	Reykjavík
Þuríður Ástvaldsdóttir	Ægisbyggð 4	625	Ólafsfirði
Örn Sigurðsson	Álftamýri 58	108	Reykjavík

Skriðuföll og snjóflóð

Bókaútgáfan Skjaldborg hefur gefið út að nýju með viðbótum fyrir tfmabilið 1958-1990 ritverk Ólafs Jónssonar **Skriðuföll og snjóflóð** sem kom út 1957. Félagsmönnum í Félagi landfræðinga gefst kostur á að kaupa ritverkið sem er í 3 bindum á um 10.000 kr. en verkið er selt á um 15.000 kr. Þeir sem hafa áhuga snúi sér til Emils í síma 91-605420 eða 91-678335.

Lög Félags landfræðinga

1. grein

Félagið heitir **Félag landfræðinga**. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er:

- Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.
- Að efla samvinnu félagsmanna.
- Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu þeirra í félagið. Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins.

Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflaga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.

Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

5. grein

Aðalfundur skal halda í mars mánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- Skýrsla formanns.
- Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- Að kjósa tvo endurskoðendur
- Að ákveða félagsgjöld.
- Lagabreytingar.
- Önnur mál.

6. grein

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

7. grein

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.

Svæðisþing alþjóðalandfræðisambandsins

Félaginu hafa borist nánari gögn um svæðisþingið sem haldið verður í Prag í Tékklandi 22. -26. ágúst 1994. Guðrún Ólafsdóttir í Háskóla Íslands og Guðrún Hölla Gunnarsdóttir hjá Skipulagi rfkisins veita allar nánari upplýsingar.

Kínaferðin

Við minnum á hugmyndina um ferð félagsins til Kína. Þeir sem áhuga hafa látið Emil Bóasson hjá Byggðastofnun heyra frá ykkur.

Náttúrufræðingatal

Við minnum á að enn eiga nokkrir eftir að skila gögnum til ritnefndar Náttúrufræðingatals. Útgáfu hefur enn verið frestað vegna þeirra sem ekki hafa skilað.

Látið nú eftir ykkur að skila persónulegum gögnum um ættir, uppruna, frændgarð, fjölskyldu og fleira. Ef einhver er enn í vafa um hvað þarf hafið þá samband við ritstjórnarfulltrúa Félags landfræðinga Þorbjörgu Kr. Kjartansdóttur í síma: 91-673579.

**Munið aðalfundinn 23. mars
1994 í LÖGBERGI stofu 201
kl. 20.30**